

Ed.

115. Frumvarp

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný banka-
vaxtabrjef.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þingskjali 20, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en $2\frac{1}{2}$ miljón

krónur. Fyrstu fjögur árin, eftir að 5. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 kr. á ári.

14. gr. hljóðar svo:

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $\frac{1}{2}\%$ á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undan-genginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarfloknum að skaðlausu.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.